

Minnisblað

Reglur um tekjutengdan afslátt fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega – mál nr. 1502195

Eftirfarandi tillaga að reglum um tekjutengdan afslátt fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við þá leið sem Öldungaráð mælir með í umsögn sinni.

Tekjuviðmiðin eru hækkuð um 4,5% sem er sú hækkun sem almennt er notuð varðandi hækkun verðskrár.

Breyting á fasteignaskattshlutfalli þýðir að afslátturinn hækkar hvað krónutölu varðar þar sem ekki hefur verið veittur afsláttur af vatns- og fráveitugjöldum. Dæmi um áhrif þessa má sjá í eftirfarandi töflu:

Hér fyrir neðan er dæmi sem sýnir að áhrif breytinga í krónum eru engin á heildarálögur en einungis er um að ræða tilfærslu á milli liða.			
Dæmi:	Álagning íbúðarhúsnæðis fm 29.420 + lm 3.380 = 32.800 alls	Álagning 2016	Álagning eins og hlutföll voru 2015
Fasteignaskattur		111.520	91.840
Lóðarleiga		13.520	13.520
Fráveitugjald		54.120	63.960
Vatnsgjald		24.600	34.440
Sorpgjald		30.627	30.627
Samtals gjöld:		234.387	234.387
Ef einstaklingur fengi 50% afslátt á gerði það í krónum		55.760	45.920
Afsláttur hækkar milli ára um 9.480 miðað við ofangreint dæmi.			

Afsláttur fasteignaskatts hefur verið með eftirfarandi hætti 2013 til 2015:

2013 kr. 37.639.352

2014 kr. 37.595.968

2015 kr. 33.766.663

Ef álagningarhlutfall fasteignaskatts hefði verið það sama í ár og gert er ráð fyrir í tillögu fyrir næsta ár hefði afslátturinn numið um 41 m.kr. Líklegt er að afsláttur fasteignaskatts á næsta ári verði nálægt þeirri upphæð.

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorku- lífeyrisþegum í Hafnarfirði 2016.

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Hafnarfirði er veittur afsláttur af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Hafnarfirði sem búa í eigin íbúð og

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri*
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2016. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.*
- c) hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði*
- d) hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga aðra en maka búsetta á heimilinu.*

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannarlega býr í.

3. gr.

Hjón og fólk í skráðri sambúð fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

Verði slit á hjónabandi eða sambúð þá eiga aðilar máls rétt á öðru hvoru eftirtöldu frá og með þeim tíma sem lögskilnaður eða sambúðarslit eru skráð.

- a. Að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess.*
- b. Að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar sbr. 4. gr.*

4. gr.

Afsláttur er tekjutengdur. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2016 er stuðst við skattaframtal ársins 2014 en afslátturinn er síðan endurskoðaður í ágúst 2016 eftir að skattaframtal ársins 2015 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afsæltti þá breytist hann vegna þeirra greiðslana sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna til og með ágúst. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagntekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna fólks í skráðri sambúð.

Tekjumörk vegna afsláttarins 2016 eru eftirfarandi (miðað er við tekjur ársins 2014 til og með ágúst 2016 og tekjur 2015 eftir það):

Tekjur einstaklinga			Tekjur hjóna/sambýlisfólks		
Afsláttur	<i>Frá</i>	<i>Til</i>	Afsláttur	<i>Frá</i>	<i>Til</i>
100 %	0	2.958.000	100 %	0	4.131.000
75%	2.958.001	3.357.000	75 %	4.131.001	4.585.000
50 %	3.357.001	3.642.000	50%	4.585.001	4.984.000
25%	3.642.001	3.869.000	25%	4.984.001	5.325.000

5. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.og vegna andláts maka

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s. :

a) Þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega

b) Ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.

6. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoðar tekjumörk í desember ár hvert.